

# 73. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 29. nóvember, 2013 kl.12:10

## Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvardsdóttir, Lára Hreinsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Baldur Garðarsson, Þórhildur Hrafnisdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir.

Jóhannes Sveinbjörnsson, Sigurður Ingi Jóhannsson og Valgarður Reynisson voru forfallaðir.

## Dagskrá skv fundarboði:

1. Reikningsskil Mötuneytis ML fyrir síðasta reikningsár
2. Bréf frá formönnum skólanefnda framhaldsskóla, fyrir hönd skólanefnda, til mennta-  
menningarmálaráðherra
3. Framtíðarskipulag námsuppyggingar ML - þriggja ára nám til stúdentsprófs ?
4. Skólapúls - könnun á högum og líðan nemenda
5. Framkvæmdir og endurbætur á Nös II
6. Önnur mál

Formaður setti fund og gaf skólameistara orðið um fyrsta lið.

### 1. Reikningsskil Mötuneytis ML fyrir síðasta reikningsár

Gjaldkeri mötuneytis, G. Erna Halldórsdóttir, sat fundinn undir þessum lið. Skólameistari hafði framsögu og dreifði ársreikningi mötuneytis (fskj. 1). Hann leiddi fundarmenn síðan í gegnum reikninginn ásamt Ernu. Þau skýrðu helstu tölur og svöruðu spurningum um einstaka þætti. Meðal annars kom fram að rekstrarhagnaður 2012-13 er kr. 587.757. Reikningurinn var samþykktur samhljóða.

### 2. Bréf frá formönnum skólanefnda framhaldsskóla, fyrir hönd skólanefnda, til mennta- og menningarmálaráðherra

Formaður fylgdi úr hlaði og vísaði til sameiginlegs bréfs allra skólanefnda í framhaldsskólum (Bréfið er í fylgiskjali) vegna ósamræmis milli raunverulegs launakostnaðar í framhaldsskólum landsins og þess sem reiknilíkan ráðuneytisins gefur til kynna. Þetta bréf sendi hann á nefndarmenn í tölvupósti og fékk þannig samþykki þeirra. (fskj. 2)

### 3. Framtíðarskipulag námsuppyggingar ML - þriggja ára nám til stúdentsprófs ?

Halldór Páll hafði framsögu undir þessum lið og fundarmenn ræddu síðan. Meðal þess sem fjallað var um voru þessir þættir: starfstími, námsmat, félagslíf nemenda, stúdentspróf, mörk skólastiga, þróun í innihaldi náms, áherslur, hraði breytinga, svigrúm varðandi námslok, valgreinar, „Krosstengsl“, form skólans. Ekki var ályktað sérstaklega, en umræðan talin vera góð.

### 4. Skólapúls - könnun á högum og líðan nemenda

Páll greindi frá framkvæmd rafrænnar könnunar meðal nemenda, sem fór fram dagana 18. – 21. nóvember s.l. 13 aðrir framhaldsskólar tóku þátt í þessari könnun og niðurstöður munu liggja fyrir innan nokkurra daga. Þátttaka nemenda í ML var 91%.

Þá kynnti Páll nokkra þætti úr skýrslu um könnun á aðbúnaði og aðstöðu nemenda, sem var lögð fyrir í mars s.l.. Skýrsla um þessa könnun er komin á heimasíðu skólans.

## 5. Framkvæmdir og endurbætur á Nös II

Skólameistari greindi frá fyrirhuguðum framkvæmdum, sem eiga að hefjast í desember. Nemendum sem þar eru fyrir verður útvegað húsnæði í Hlíð, Mörk, Björk og Bjarkarlundi. Nú er unnið að undirbúningi þessa húsnæðis og verið að leita samþykkis eftirlitsaðila og því liggur ekki enn fyrir hvort allir þessir kostir reynast ásættanlegir.

## 6. Önnur mál

- a. Heilsueflandi framhaldsskóli  
Skm. greindi frá því að skólinn hefði fengið silfur í næringarhluta og síðan gull í hreyfingarhluta verkefnisins.
- b. Fjárhagsáætlun 2014  
Skm er að leggja lokahönda á áætlunina.
- c. Reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í framhaldsskólum.  
Drög eru nú í umsagnaferli, hafa verið tekin fyrir í foreldraráði og verða tekin fyrir innan skólans í næstu viku.

Fundi slitið kl. 14:30

Páll M. Skúlason ritaði fundargerð